

Stofnunarsamningur

Sálfræðingafélags Íslands

og

Barnaverndarstofu

1 Gildissvið

Samningur þessi nær til sálfræðinga sem starfa hjá Barnaverndarstofu, Stuðlum og meðferðarheimilum sem rekin eru af stofunni og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra f.h.ríkissjóðs og Sálfræðingafélags Íslands.

2 Markmið

Markmið samnings þessa er að styðja við starfsmannastefnu Barnaverndarstofu, sem liggur fyrir en yfirmarkmið hennar er að stuðla að því að stofnunin hafi ávallt á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki er vinnur af einurð að verkefnum stofnunarinnar og býr við starfsumhverfi sem býður upp á möguleika til starfsþróunar, til að dafna og vaxa í starfi og samhæfa starf og fjölskyldulíf.

3 Grunnröðun

3.1 Forsendur grunnröðunar starfa

Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu, ábyrgð og umfang verkefna. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti er vísiregla gagnvart öðrum sálfræðingum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

3.2 Frekari forsendur röðunar

Launakerfi Barnaverndarstofu, Stuðla og meðferðarheimila byggir á eftirfarandi flokkun starfa sálfræðinga:

Starfsheiti	Starfslýsing	Grunnröðun
Dagskrárstjóri	Stjórnar dagskrá meðferðar eða eftirfylgdar á dagvinnutíma.	10
Sálfræðingur 1	Stundar meðferðarstörf eða stjórnsýslustörf og tekur þátt í þverfaglegri teymisvinnu en vinnur undir leiðsögn reyndari sálfræðings fyrstu 12 mánuði í starfi sem sálfræðingur. Heyrir undir sviðsstjóra/forstöðumann.	10
Sálfræðingur 2	Vinnur sjálfstætt og ber sjálfur ábyrgð á faglegum gæðum verkefna sinna við greiningu, meðferð, ráðgjöf, stjórnsýslustörf og þátttöku í þverfaglegri teymisvinnu. Sálfræðingur verður að jafnaði ekki talinn geta starfað með þessum hætti fyrr en eftir a.m.k. eins árs starf sem sálfræðingur. Heyrir undir sviðsstjóra/forstöðumann.	12
Deildarstjóri á meðferðarheimili	Ber ábyrgð á starfsemi og stjórn deildar með verkstjórn annarra starfsmanna.	12

JK
GG
ALG
LUF
IM

Starfsheiti	Starfslýsing	Grunnröðun
Sálfræðingur 3	Fellur undir sömu skilgreiningu og sálfræðingur 2 en hefur auk þess a.m.k. þriggja ára starfsreynslu í faginu.	13
Sálfræðingur 4	Fellur undir sömu skilgreiningu og sálfræðingur 2. Hann ber auk þess a) faglega og stjórnunarlega ábyrgð á samhæfingu starfsmanna sem vinna í teymi eða b) ber aukna ábyrgð í formi reglulegra starfa fyrir réttarvörslukerfið eða c) sinnir sjálfstætt umfangsmiklum sérhæfðum stjórnslustörfum eða d) sér um sérhæfða þjálfun og handleiðir fagaðila við beitingu sérhæfðra meðferðarúrræða.	14
Sviðsstjóri 1	Hefur daglega yfirumsjón með starfsemi sviðs sem skipað er 5 starfsmönnum eða færri.	17
Sviðsstjóri 2	Hefur daglega yfirumsjón með starfsemi sviðs sem skipað er 6 starfsmönnum eða fleiri og ber ábyrgð á yfirgripsmiklum verkefnum.	18
Forstöðumaður 1	Ber faglega og stjórnunarlega ábyrgð á starfsemi starfseiningar/verkefnis.	16
Forstöðumaður 2	Starfið felur í sér faglega, stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri meðferðarstofnunar með færri en 30 starfsmenn, áætlanagerð og samhæfingu verkefna eins og nánar er útfært í starfslýsingu.	18
Forstöðumaður 3	Starfið felur í sér faglega, stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri meðferðarstofnunar með fleiri en 30 starfsmenn, áætlanagerð og samhæfingu verkefna eins og nánar er útfært í starfslýsingu. Forstöðumaður kemur fram fyrir hönd sinnar stofnunar.	19

Grunnröðun starfs í ofangreindum launaflokkum er lágmarksröðun. Starfsmaður getur ráðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilgreindir eru í gr. 3.3 og 3.4.

3.3 Starfsreynsla

Starfsreynsla hjá Barnaverndarstofu skal metin til hækkunar umfram grunnröðun, þannig að starfsmaður fær eitt álagsþrep eftir:

- 1 árs starf hjá stofnuninni
- 5 ára starf hjá stofnuninni
- 10 ára starf hjá stofnuninni

Heimilt er að meta starfsreynslu annars staðar frá sem að mati forstjóra nýtist í starfi. Hámarksmat er 2 álagsþrep.

Álag vegna 3.3 getur mest orðið 3 álagsþrep.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature and the initials 'PMF' and 'Jm'.

3.4 Viðbótarmenntun, hæfni og frammistaða

Meta skal viðbótarmenntun á eftirfarandi hátt:

3.4.1 Sérfræðileyfi

Áfangar að sérfræðileyfi skulu metnir með eftirfarandi hætti:

1. áfangi: 100 kennslust og 20 handleiðslutímar eða 15 ECTS ein og 10 handltímar	1 þrep
2. áfangi: 200 kennslust og 40 handleiðslutímar eða 30 ECTS ein og 20 handltímar	1 þrep
3. áfangi: 300 kennslust og 60 handleiðslutímar eða 45 ECTS ein og 30 handltímar	1 þrep
Sérfræðileyfi frá Embætti landlæknis skv. reglugerð nr. 1130/2012	1 lfl

Sérfræðileyfi veitir alls hækkun um 1 launaflokk og 3 þrep.

3.4.2 Meta skal sér- eða viðbótarmenntun, sem að mati forstjóra nýtist í starfi, á eftirfarandi hátt:

Doktorspróf 180 ECTS einingar	6 þrep
Viðurkennt nám í hugrænni atferlismeðferð, tveggja ára nám	2 þrep
Viðbótar masterspróf 90 -120 ECTS einingar	4 þrep
Viðurkennt nám í fjölskyldumeðferð	1 þrep
PMT-nám og HAM, eins árs nám	1 þrep
Diplomanám 60-90 ECTS einingar	2 þrep
Nám til kennsluréttinda / kennarapróf	1 þrep

Annað viðbótarnám sem nýtist í starfi að mati forstjóra skal meta á sambærilegan hátt og hér að ofan.

Ekki skal vera um tvítalningu náms eða námsstunda í ákvæðum 3.4.1. og 3.4.2. að ræða.

Álag vegna 3.4.1 og 3.4.2 getur mest orðið 1 l.fl. og 6 álagsþrep.

3.4.3 Hæfni og frammistaða

Forstjóri getur metið til hækkunar hæfni og frammistöðu sálfræðings. Þeir þættir sem koma til álita í slíku mati er áhugi og frumkvæði í starfi, afköst, hæfni til að vinna undir álagi, geta til að ganga í störf annarra sérfræðinga hjá stofnuninni og gæði starfa sálfræðings. Við matið skal forstjóri m.a. líta til þess hvort frammistaða sálfræðings er umfram þær kröfur sem starfið gerir til hans. Sömu atriði og nefnd voru hér að framan geta jafnframt verið metin til tímabundinnar hækkunar launa.

3.4.4 Álag vegna langra fjarvista frá starfsstöð

Meta skal álag vegna þess að starfsmaður þarf með tíðum og reglubundnum hætti að ferðast út á land og vinna fjarri starfsstöð heilan starfsdag, sem eitt álagsþrep ofan á launaflokk. Álag þetta sætir endurskoðun eftir þörfum, ekki sjaldnar en árlega.

3.4.5 Álag vegna faglegrar umsjónar

Sálfræðingi, sem af forstjóra, er falin fagleg umsjón sálfræðipjónustu á starfsstöð, þar sem næsti yfirmaður er ekki sálfræðingur, fær eitt álagsþrep ofan á launaflokk.. Álagið sætir endurskoðun eftir þörfum, ekki sjaldnar en árlega.

3.4.6 Álag vegna ábyrgðar á sérstöku umfangsmiklu verkefni.

Sálfræðingur, sem forstjóri hefur falið tímabundna faglega og stjórnunarlega ábyrgð á sérstöku umfangsmiklu verkefni, skal fá greitt álag vegna þeirra starfa sem nemur einum launaflokki. Álagið einskorðast við tímamörk verkefnisins sem um ræðir.

PK
GK
FUF
IM
3

3.5. Sérstök tímabundin umbun

Heimilt er forstjóra að greiða umbun vegna sérverkefna, sérstakrar ábyrgðar eða sérstakra tímabundinna þátta sem ekki hafa áhrif á röðun starfs í launaflokk og ekki falla undir grein 3.4. Hámark umbunar er kr. 30.000 á mánuði og greiðist hún meðan áhrif þessara þátta vara.

3.6. Starfsþróun og námsleyfi

Unnið er markvisst að starfsþróun hjá Barnaverndarstofu samkvæmt starfsmannastefnu og starfsþróunaráætlunum. Starfsþróun felur meðal annars í sér að starfsmanni er gert kleift að sækja sér handleiðslu þegar þurfa þykir í samráði við forstjóra. Miðað er við að starfsmenn sem vinna meðferðarvinnu eigi rétt á handleiðslu.

Barnaverndarstofa skal gefa öllum starfsmönnum tækifæri til að viðhalda þekkingu og færni til að mæta framtíðarþörfum stofnunarinnar. Starfsmaður sem stundar sérnám eða sækir framhalds- og/eða endurmenntunarnámskeið með samþykki stofnunarinnar heldur launum og fær greiddan ferða- og dvalarkostnað.

3.7. Vísinda og ritstörf

Vísindarannsóknir, ritstörf og fræðsla skulu metin með hliðsjón af fylgiskjali þessa samnings.

3.8. Hækkun umfram 8 þrep

Starfsmaður, sem hefur áunnið sér hækkun vegna þátta í liðum 3.3 og 3.4 umfram 8 álagsþrep, getur í eitt skipti færst í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

4 Samstarfsnefnd

Um samstarfsnefnd vísast til greinar 11 í samningi þeim er þessi samningur byggir á.

5 Gildistaka

Með samningi þessum fellur úr gildi eldri stofnanasamningur Barnaverndarstofu og Sálfræðingafélags Íslands frá 21. janúar 2014. Samningur þessi tekur gildi frá 1. júní 2016.

6 Endurskoðun

Um endurskoðun stofnunarinnar gilda ákvæði 11. kafla í samningi þeim er þessi samningur byggir á.

Reykjavík, 7. nóvember 2017




f.h. Barnaverndarstofu





f.h. Sálfræðingafélags Íslands


Guðmúni heyrir Guðmúni



Fylgiskjal með stofnunarsamningi

Sálfræðingafélags Íslands og Barnaverndarstofu

Það er sameiginlegur skilningur aðila að mikilvægt sé að ýta undir rannsóknarstörf, birtingu fræðilegra greina, fræðslu og að fylgst sé með nýjungum í greiningu og meðferð.

Ljúki sálfræðingur umfangsmiklu verkefni, getur hann sótt um aukabókun, enda hafi honum sannanlega ekki verið greitt að fullu fyrir verkefnið með öðrum hætti og verkefnið er ekki hluti af hans aðalstarfi. Verkefnið skal vera á verksviði stofnunar og samræmast markmiðum hennar og vera unnið í samráði við forráðamenn hennar.

Beiðni um aukabókun skal beina til forstjóra. Ágreiningi um túlkun geta aðilar vísað til samstarfsnefndar. Nefndin afgreiði málið innan 4 vikna frá því að hún fékk beiðni um aukabókun til úrskurðar. Komist samstarfsnefndin ekki að niðurstöðu má vísa málinu til sáttanefndar skv. gr. 11.5. í samkomulagi því sem samningur aðila byggir á.

Full aukabókun skal miðast við launaflokk 11-0 í launatöflu í Fylgiskjali 1 við samkomulag það sem stofnunarsamningur aðila byggir á.

Við ákvörðun aukabókunar skal hafa hliðsjón af eftirfarandi verkefnaflokkum:

Ritverk:

Erlend fagrit (ritrýnd) 50-75%
(75% fyrsti eða annar höfundur, 50% aðrir)

Innlend fagrit (ritrýnd) 20-40%
(40% fyrsti eða annar höfundur, 20% aðrir)

Birting greina og bókakafla (ákvörðun ritstjórnar) 20- 30%
(30% fyrsti eða annar höfundur, 20% aðrir)

Kynningar á ritrýndum ráðstefnum 20-30%
(20% veggspjald, 30% erindi)

Rannsóknarskýrslur 30- 40%

Þróun og staðfærsla fræðsluefnis, námskeiða og mælitækja:

Þróun námskeiðs 30%

Þýðing og staðfærsla mælitækja 30%

Þýðing mælitækja 15%

Fræðsla út á við fyrir hönd Barnaverndarstofu varðandi annað en starfsemi og hlutverk stofunnar eða starfsstöðvar 10%

Með fagriti er átt við innlend og erlend visindarit, sem birta ritgerðir og greinar einungis eftir sérfræðilega umfjöllun umsagnaraðila (ritrýnd).

Með rannsóknarskýrslu er átt við úttekt á þjónustu, afmörkuðum þáttum starfsemi, eða klínískum hópum, sem notuð er til ákvörðunar um skipulag þjónustu eða aðra þætti stofnunar.

Með þróun námskeiðs er átt við það t.d. þegar námskeið sem ætlað er að mæta tilteknum þörfum skjólstæðinga eða fagmanna er búið til frá grunni.

Jök
GG
AMF
SM

Viðauki I

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélag BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launahækkanir er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins, sem varðar greinar 11.3.3.1 og 11.3.3.2 í kjarasamningi aðila er að finna eftirfarandi útlistun á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnanasamningum.

Grein 11.3.3.1.: „Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

Starf sem gerir kröfu um 60 einingar (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 2 launalokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar = 1 launalokkur).

Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar.

Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar.“

Grein 11.3.3.2: „...Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 álagsþrep, meistaragráða leiði til hækkunar um 4 álagsþrep og doktors- eða sambærileg gráða með 6 álagsþrepum. Stytttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.“

Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélög þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönnum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttað var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis. Ágreiningur varðandi túlkun ákvæðisins er óleystur. Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila og þá hver hún verður.

Sálfræðingafélag Íslands Íslands samþykkir stofnunarsamning þennan með þeim fyrirvara að fáist niðurstaða í túlkun á ákvæðum gerðardóms verði stofnunarsamningurinn endurskoðaður í samræmi við þá niðurstöðu.

3/6
GG
MF
IM